

Alþingi
Erindi nr. P 128/1446
komudagur. 3.3.2003

Kópavogur 03.03.03.

Helga E. Þórisdóttir
nefndarritari
Félagsmálanefnd Alþingis.

Efni: Umsögn Barnageðlæknafélags Íslands varðandi frumvarp til laga um Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál heildarlög.

Fyrir hönd Barnageðlæknafélags Íslands hef ég yfirfarið ofanefnt frumvarp til laga. Eins og réttilega segir í fylgiskjali bls 10 í frumvarpinu er fyrst og fremst verið að staðfesta og lögbinda þá þjónustu sem stofnunin hefur til þessa veitt. Áhersla er lögð á nána samvinnu Greiningar og ráðgjafarstöðvarinnar sem ráðgefandi stofnunar með sérþekkingu á sviði þroskaraskana, við aðra þá aðila sem sinna ungmennum með þroskaraskanir.

Í frumvarpinu er hlutverk Greiningar og –ráðgjafarstöðvar ríkisins vel skilgreint og einnig útskýrt hvað felst í hugtökunum greining og frumgreining, og hverjum er heimilt að framkvæma slíkt.

Að mínu mati er frumvarpið vel unnið og athugasemdir við einstakar greinar þess ítarlegar.

Með góðum kveðjum

Dagbjörg Sigurðardóttir
Formaður Barnageðlæknafélags Íslands.